



sleðaárs.

Umræður um merki L.Í.V. og endurskoðun þess vísað til stjórnar.

Spurtt var um pokamálin og hvort þessar væru enn til. Forseti skýrði frá því að verið væri í sambandi við Arctic Trucks um styrk og að allir þessar væru búnir.

Talað var um að það mætti skrifa tryggingarfélögum og biðja um að félagsmenn í L.Í.V. fengju afslátt af tryggingagjöldum gegn framvísun félagsskírteinis.

Forsetinn ræddi fjarskiptamálin og hagkvæmni hinna ýmsu kerfa. Ennfremur kom fram að stjórnin er í sambandi við klúbbinn 4x4 um samstarf, við að fá að nota rásir frá þeim. Þá kom fram að V.H.F. hjá 4x4 væri orðið nokkuð gott norðan jökla.

Formaður L.Í.V.-Reykjavík taldi að hans félag væri tilbúið að láta peninga í V.H.F. sendi á Landmannalaugasvæðinu.

Tillaga kom fram um að L.Í.V. og aðildarfélögin myndu sameinast um kostnað sem upp kæmi vegna V.H.F. fjarskiptasambands.

Tillaga kom til stjórnar um að fara af fullum krafti í fjarskiptamálin.

Umræður voru um Ásgarðssvæðið í Kerlingarfjöllum og uppbyggingu þess á nýjan leik og kom til umræðu hvort ætti að endurverkja Kerlingarfjallahátíðina og þá á þann hátt að aðildarfélögin skiptust á að halda vetrarhátíð í Nýjadal og Kerlingarfjöllum og var því vísað til stjórnar.

Tillaga kom um að L.Í.V. verði mun meira áberandi á snjósleðamótum og vélsleðasýningum í framtíðinni og var því vísað til stjórnar.

Forsetinn þakkaði fyrir traustið að kjósa sig aftur sem forseta og bauð nýja stjórnarmenn velkomna í stjórn og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan og málefnalegan fund og sleit fundi.